

**Nd.**

**166. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flutningsm.: Sigurður Gunnarsson.

1. gr.

Breytingar á lögum um skipun prestakalla eru þær, er nú skal greina:

1. Staðastaður: Staðastaðar- og Búðasóknir.
2. Miklaholt: Miklaholts-, Rauðamels-, og Kolbeinsstaðasóknir.
3. Staðarhraun: Staðarhrauns- og Akrasóknir.

2. gr.

Prestakallaskipun þessi kemur í stað þeirrar, er sett er með lögum um skipun prestakalla nr. 45, 16. nóv. 1907, 1. gr. IX. 47, og X. 48.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal færa breytingar þær, er ræðir um í þeim, inn í lög nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.